

Afreksthópur fimleikadeildar

Skrifað af Davíð Þór Sigurðarson
Sunnudagur, 17 Nóvember 2019 14:54

Í haust skrifuðu 11 stúlkur og einn drengur undir afrekssamning Fimleikadeildar Hattar sem er samstarfsverkefni íþróttá- og ungmennasamband Austurlands, Menntaskólans á Egilsstöðum og

10.bekkja grunnskóla Fljótsdalshéraðs.

Megin markmið þessa samnings er að vinna að uppbyggingu iðkandans sem íþróttamanns og einstaklings. Einkunnarorð afrekshópsins eru, heilbrigði, heiðarleiki og dugnaður.

Afrekssamningur er gerður í samvinnu við foreldra og fá iðkendur góða eftirfylgni í námi, fræðslu og í íþróttagreininni sjálfri. Í samningnum er tekið á þáttum eins og áfengi, vímuefnum, orkudrykkjum, rafrettum, virkni í daglegu lífi, námi, hegðun og umgegni svo eitthvað sé nefnt.

ÍÁ þessum hóp eru flottar fyrirmyndir sem hafa æft fimleika til margra ára, það er mikilvægt fyrir fimleikadeild Hattar að eiga slíka fyrirmyndir